

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is



11. mars 2022

2203005 IBE

Umsögn Reykhólahrepps 350. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir eftirfarandi umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Sveitarstjórn ítrekar sérstöðu sveitarfélagsins hvað varðar nýtingu og vinnslu á þangi og þara. Þorpið Reykhólar byggðist um Þörungaverksmiðjuna og hún er stærsti vinnuveitandinn í sveitarfélaginu fyrir utan sveitarfélagið sjálft. Því þarf að fara varlega í allar lagabreytingar sem geta skotið grundvelli undan byggðinni á Reykhólum.

Sveitarstjórn leggur áherslu á það að breyting á lögum hafi ekki neikvæð áhrif á samfélagið á Reykhólum, sér í lagi með tilliti til stöðu byggðarinnar sem er viðkvæm.

Í frumvarpinu er forgangi Þörungaverksmiðjunnar ýtt til hliðar, þ.e. ekki hafi reynt á það. Það er of snemmt að mati sveitarstjórnar að grípa til þeirrar ákvörðunar, þ.e. svipuð staða er uppi á teningnum hvað varðar frekari nýtingu á þangi og þara, þrátt fyrir að þær hafi ekki komið til framkvæmda á þeim tíma frá því að forgangur var samþykktur í lögum.

Huga þarf að frekari rannsóknum um nýtingu þangs og þara í Breiðafirði og kallar sveitarstjórn eftir þeim rannsóknum sem núverandi lög kveða á um. Gera þarf nokkurra ára grundvallar-rannsóknir til að byggja auðlindanýtinguna á.

Þörungaverksmiðjan er sá aðili sem býr helst að þeim rannsóknum sem nýting þangs og þara byggist á. Það er fagnaðarefni að sjá merki þess að þær rannsóknir séu nú grunnur að árlegri nýtingu í frumvarpinu.

Sveitarstjórn leggur áherslu á samþættingu markmiða um nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmiða um eflingu byggðalaga eins og Reykhóla.


Ingibjörg B. Erlingsdóttir
sveitarstjóri

sveitarstjori@reykholar.is